

## Heilbrigðisvísindabókasafn - OpenAthens

Til þess að komast í rafræn gögn Heilbrigðisvísindabókasafns utan IP tala spítalans eða Heilbrigðisvísindasviðs HÍ þarf að vera með OpenAthens aðgang.


Athugið að einungis þau sem hafa virkt LSH eða HÍ netfang geta fengið aðgang. Aðilar sem eru með þjónustusamning þurfa að hafa samband við [bokasafn@landspitali.is](mailto:bokasafn@landspitali.is)

### Sækja um aðgang.

Áhugasöm sækja sjálf um aðgang í gegnum OpenAthens hér:

<https://register.openathens.net/landspitali.is/register>


- Notandanafni er úthlutað og það er notað til innskráningar en einnig er alltaf hægt að nota tölvupóstfang sem notandanafn. Þið veljið sjálf lykilorð, munið að velja lykilorð sem er traust og ekki deila lykilorði með öðrum.
- Eftir skráningu fáði þið sendan tölvupóst sem inniheldur tengil til þess að virkja aðganginn. Smellið á tengilinn í póstinum og eftir að það er gert getið þið skráð ykkur inn á eigin OpenAthens aðgang.
- Þá kemur eftirfarandi mynd upp, hér er annaðhvort hægt að nota notandanafn eða tölvupóstfang og lykilorð sem valið hefur verið. Athugið að organisation er **Landspitalinn Med Library**




## Gleymt lykilorð.

Ef þið gleymið lykilorði er hægt að smella á þennan tengil til þess að velja nýtt lykilorð.


<https://login.openathens.net/auth#forgottenpassword>



Setjið inn notandanafn eða tölvupóstfang.




Þegar nýtt lykilorð hefur verið valið, kemur eftirfarandi upp og þá er hægt að skrá sig inn á OpenAthens með nýja lykilorðinu.



## Kemst ég inn í gögn beint frá tímaritum og gagnasöfnum?

Flestöll tímarit og gagnasöfn eru með hnapp þar sem hægt er að velja að skrá sig beint inn með OpenAthens. Sjá dæmi hér fyrir neðan. Skráið ykkur inn með notandanafni/tölvupóstfangi og OpenAthens lykilorði




Ovid Login

User ID:

Password:

Login

OpenAthens Login Institutional Login



Username \*

Password \*

[Forgot your log in details?](#)

[Need to activate](#)

Login

---

[BMA Member Log In](#)


[Log in via OpenAthens](#)

[Log in via your institution](#)

## Hvað er aðgengilegt í gengum OpenAthens?



Flestöll rafræn gögn eru aðgengileg en þó eru tvær undantekningar,

- Renal Drugs Database er enn aðeins aðgengilegur fyrir lítinn hóp starfsfólks og er aðgangsorðastýrður. Vinsamlegast hafið samband við [bokasafn@landspitali.is](mailto:bokasafn@landspitali.is) ef þið þurfið aðgang.
- UptoDate   
Til þess að komast í UptoDate utan spítala þarf að vera með eigin aðgang að UpToDate Anywhere. Skráið ykkur inn á UpToDate innan LSH. Stofnið eigin reikning með því að velja register uppi í hægra horni.  
Þennan aðgang þarf að endurnýja á þriggja mánaða fresti í tölvu sem er á IP neti LSH.  
Athugið að UptoDate er alltaf aðgengilegt innan IP talna LSH.